

Nd.

161. Breytingartillögur

[75. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í kaupstöðum með yfir 3000 íbúa skal virðing á fasteignum til eignarskatts skv. 22. gr. A-lið laganna miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum skal miðað við fasteignamatið sexfaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamatinu margfölduðu með þremur.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi.

2. Við 3. gr. í stað „200 þús. kr.“ komi: 400 þús. kr.